



Reglugerð um byrjendamót

1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem mótanefnd HNÍ heldur fyrir byrjendur.

2. Almenn:

- 2.1. Byrjendamót eru haldin af mótanefnd HNÍ
- 2.2. Viðureignir félagsmóta eru almennt paraðar og fara fram á einum degi. Mótanefnd tilkynnir um byrjendamót með a.m.k mánaðar fyrirvara.

3. Hlutgengi:

- 3.1. Allir þeir sem hafa gilda þáttökubók frá HNÍ og eru skráðir í hnefaleikafélag innan vébanda HNÍ í félagakerfi ÍSÍ hafa þátttökurétt á byrjendamótum.
- 3.2. Þeir sem hafa skráðar færri en 4 viðureignir í ólympískum hnefaleikum, hafa þáttöku rétt á byrjendamótum. Ef annar aðili hefur lokið fjórum leikjum skal viðureignin lúta venjulegum leikreglum sem eiga við í ólympískum hnefaleikum.
- 3.3. Hægt er að sækja um undanþágu á þyngdarflokkum, en ekki skal muna meira en tveimur þyngdarflokkum eða 15kg (á ekki við innan „super heavy“ elite karla eða „heavy“ kvenna og unglinga) á keppendum þegar vigtun á sér stað. Keppendur og þjálfarar þeirra þurfa að samþykkja pörunina.
- 3.4. Hægt er að sækja um undanþágu við pörun í ungmenna- og unglingsflokki til mótanefndar HNÍ, þó má ekki muna meira en tveimur aldursárum á keppendum og skulu þeir keppa samkvæmt reglum unglingsflokka.
- 3.5. Keppendur í unglings- og ungmennaflokkum er óheimilt að para gegn keppendum úr Elite flokkum.

4. Innvigtun:

- 4.1. Keppendur í öllum þyngdarflokkum skulu vera tilbúnir til innvigtunar að morgni keppnisdags. Mótshaldari hefur þó svigrúm fram að lágmarki 2 klst. fyrir fyrstu viðureign. Keppendur eiga rétt á því að einstaklingar af sama kyni sjái um innvigtun þeirra.

5. Lotur:

- 5.1. Í byrjendaflokkum eru loturnar þrjár (3) og skal hver lota vera tvær (2) mínútur.
- 5.2. Stöðvun keppni vegna áminninga, aðvarana, lagfæringa á klæðnaði eða búnaði eða af einhverri annari ástæðu telst ekki með sem hluti af lotutíma. Einnar mínútu hvíldarhlé er á milli lota í öllum flokkum. Ekki er heimilt að bæta við aukalotum.

6. Undanþágur fyrir hring og keppnissvæði

- 6.1. Hægt er að sækja um unandþágur fyrir stærð og sökkulhæð hringar ásamt kröfum um keppnissvæði til mótanefndar HNÍ.



7. Búnaður

- 7.1. Keppendur sem ekki eru Elite keppendur skulu á sérstökum byrjendamótum bera höfuðhlíf í keppni og hanska sem vega 12 únsur. Er það í samræmi við tilgang slíkra móta. Að öðru leyti gilda reglur AIBA um búnað.